

5. fundur

Safnanefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 20. janúar 1999 kl. 17:30 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Guðrún A. Gunnarsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Ægir Jóhannsson, Guðmundur Páll Ólafsson og Guðmundur Andrésson, sem ritar fundargerð.

Einnig Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, forstöðumaður Amtsbókasafnsins og bæjarfulltrúarnir Rúnar Gíslason, Dagný Þórisdóttir, Eyþór Benediktsson, Aðalsteinn Þorsteinsson, Erling Garðar Jónasson og Davíð Sveinsson ásamt Ólafi Hilmari Sverrissyni, bæjarstjóra.

Formaður safnanefndar, Guðrún A. Gunnarsdóttir, setti fund og stýrði. Hún bauð alla velkomna á fundinn.

Dagskrá:

1. Fundur með bæjarfulltrúum.
 2. Önnur mál.
-
1. Formaður rakti tildrög þess að boðað er til fundarins þ.e. að safnanefnd hefði ekkert erindisbréf o.fl.
Guðmundur Páll ræddi um nauðsyn þess að nefndinni yrði settur starfsrammi sem spannaði nokkurt tímabil eða starfsáætlun.
Gunnar og Guðrún ræddu einnig um þróun safnastarfs í Stykkishólmi.
Rúnar, Eyþór, Dagný, Ólafur og Erling ræddu síðan um stöðu safnamála í Stykkishólmi. Fram kom vilji bæjarfulltrúa til að efla safnastarf og önnur menningarmál en að fjármunir væru takmarkaðir. Bæjarfulltrúar svöruðu spurningum sem fram komu á skriflegum lista sem Guðmundur Páll lagði fram í upphafi fundar.
Sigurlína, Davíð og Aðalsteinn ræddu einnig sömu atriði.
Til máls tóku síðan Ægir, Rúnar, Gunnar, Ólafur, Erling, Guðmundur Páll, Guðrún Anna.
Í umræðunni komu fram hugmyndir að bátasafni, steinasafni eða jarðfræðigarði, héraðsskjalasafni, sjávardýra- eða botndýrasafni, aðstöðu fyrir farandlistamenn til viðbótar því að byggja upp söfnin sem fyrir eru í Stykkishólmi.
-
2. Önnur mál, engin.

Fundi slitið kl. 18:55.

Guðmundur Andrésson, fundarritari (sign.).

Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),
Gunnar Gunnarsson (sign.),
Ægir Jóhannsson (sign.),
Eyþór Benediktsson (sign.),
Aðalsteinn Þorsteinsson (sign.),
Ólafur Hilmar Sverrisson (sign.).

Dagný Þórisdóttir (sign.),
Rúnar Gíslason (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Davíð Sveinsson (sign.),
Erling Garðar Jónasson (sign.).